Alþingi
Erindi nr. Þ 133/816
komudagur 7.2.2007

Akureyrarbær
Bæjarlögmaður

Alþingi
Eiríkur Áki Eggertsson,
nefndarritari
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Akureyri, 1. febrúar 2007
2007010255 / 01-106-01

Efni: Umsögn Akureyrarbæjar - Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða - 10. grein

Ég leyfi mér að vísa til erindis nefndasviðs Alþingis um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða - 10. grein. Frumvarpið var tekið fyrir í bæjarráði 1. febrúar 2007.

Akureyrarbær gerir ekki athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllst
f.h. Akureyrarbæjar

Inga Þöll Þórgnýsdóttir
bæjarlögmaður

Akureyrarbær · Geislagata 9 · 600 Akureyri · Kt. 410169-6229 · Sími: 460 1000 · Fax: 460 1001 · Netfang: inga@akureyri.is

Skagafjörður
Ráðhúsinu, Skagfirðingabraut 21 • 550 Sauðárkróki • S: 455 6000 • F: 455 6001 • Net:skagafjordur@skagafjordur.is • Kt.: 550698-2349 • Vsknr. 60077

Alþingi
Erindi nr. Þ 133/913
komudagur 12.2.2007

Sauðárkróki, 08.02.2007

Nefndasvið Alþingis
- Sjávarútvegsnefnd -
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

MÁLEFNI: Stjórn fiskveiða - frumvarp til breytinga á lögum

Á fundi Byggðarráðs Skagafjarðar þann 6. febrúar. 2007 var lagt fram erindi frá Sjávarútvegsnefnd Alþingis þar sem óskað er eftir umsögn um frumvarp til breytinga á lögum nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða.
Um er að ræða frumvarp sjávarútvegsráðuneytis sem er ætlað að skýra reglur og framkvæmd við úthlutun byggðakvóta. Miða breytingar m.a að því að færa úthlutunarvald frá ráðuneytinu til sveitarfélaga og úrskurðarvald á kærustigi til sérstakrar úrskurðarnefndar.

Byggðarráð gerir ekki athugasemdir við frumvarpið að öðru leyti en því að óskað er eftir að reglur sem ráðuneytið gefur út verði gerðar það skýrar að sveitarfélög verði ekki í vandræðum með að úthluta eftir þeim.

Afgreiðsla þessi var síðan staðfest af Sveitarstjórn Skagafjarðar á fundi þann 8. febrúar 2007.

Þessu er hér með komið á framfæri.

Virðingarfyllst,
f.h. sveitarstjóra:

Skagafjörður
E. M. Sigurðardóttir

Engilráð M. Sigurðardóttir
fulltrúi
- Markaðs- og þróunarsvið
Sveitarfélagið Skagafjörður
ems@skagafjordur.is;
www.skagafjordur.is

Byggðastofnun

Alþingi
Erindi nr. Þ 133/942
komudagur 13.2.2007

Sjávarútvegsnefnd Alþingis
Alþingi
150 Reykjavík

Umsögn.

Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða.

Sjávarútvegsnefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Byggðastofnunar um frumvarp til laga um stjórn fiskveiða, 459. mál, úthlutun byggðakvóta. Með frumvarpinu eru lagðar til þær breytingar á fyrirkomulagi við úthlutun byggðakvóta að hún skuli eftirleiðis vera í höndum einstakra sveitarfélaga, og að úrskurðarvald á kærustigi verði í höndum sérstakrar úrskurðanefndar, skipaðri fulltrúum sjávarútvegsráðherra, Byggðastofnunar og Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Það er álit Byggðastofnunar að ekki sé skynsamlegt að fela einstökum sveitarfélögum úthlutun byggðakvóta. Reynsla Byggðastofnunar af úthlutun byggðakvóta á fiskveiðiárunum 1999/2000 til og með 2005/2006 sýnir að hér er á ferðinni málefni sem hefur valdið mikilli úlfúð og sundrungu, ekki síst innan smærri sveitarfélaga, og dæmi eru um sveitarfélög sem ekki gátu veitt umsögn um úthlutun kvótans án þess að brotnar væru reglur stjórnsýsluréttarins um sérstakt hæfi. Hafa verður í huga að hér er verið að úthluta verðmætum sem meta má til mikilla fjármuna. Haga verður málsmeðferð þannig að tryggt sé samræmi í úthlutun kvótans þannig að bærilegur friður skapist um framkvæmdina. Þá þarf einnig að hafa í huga að ætla má að umtalsverður kostnaður geti fylgt þessu verklagi fyrir einstök sveitarfélög, og líklegt er að þau verði mörg hver að kaupa sérfræðiaðstoð til að sinna þessu verkefni. Úthlutun byggðakvóta fylgja mikil samskipti við bæði útgerðir og fiskvinnslu, auk eftirlitsaðila og Fiskistofu.

Úthlutun byggðakvóta er byggðaaðgerð. Það er því eðlilegt að úthlutun hans sé í höndum þeirrar stofnunar sem fer með þann málaflokk í landinu, Byggðastofnunar, eða verði frumvarp iðnaðarráðherra um opinberan stuðning við tæknirannsóknir nýsköpun og atvinnuþróun samþykkt, ráðgjafarsviði Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands, sem hluti af byggðastefnu stjórnvalda. Reynsla Byggðastofnunar af úthlutun Byggðakvóta sýnir að það fyrirkomulag sem þar var stuðst við var að mörgu leyti heppilegt. Úthlutað var til 5 ára, og endurskoðað árlega hvort staðið væri við gerða samninga, m.a. um löndun og vinnslu aflans á staðnum, ofl. Þetta þjónaði einkum þeim tilgangi að efla til frambúðar vinnslufyrirtæki á viðkomandi stað, en það er einmitt eitt mikilvægasta atriðið við úthlutun byggðakvóta, að tryggja verður tengsl byggðakvótans við vinnslu, t.d. með beinni úthlutun hans til fiskvinnslu með vinnsluleyfi, fremur en beint á skip. Viðkomandi vinnsla semji síðan við útgerð um veiði á kvótanum, og sú útgerð leggi síðan með sér meiri heimildir og þannig náist margfeldisáhrif af úthlutun byggðakvótans. Þetta eykur líkur á að kvóti úr almenna kerfinu úthlutaður á báta komi til vinnslu í heimahöfn.

• Ártorg 1 • 550 Sauðárkrókur
• Sími: 455 5400 • Bréfsími: 455 5499
• Kt.: 450679-0389 • VSKnr.: 13236
• Netfang: byggdastofnun@byggdastofnun.is
• Heimasíða: www.byggdastofnun.is

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að Byggðastofnun eigi fulltrúa í úrskurðarnefnd á kærustigi, ásamt fulltrúa sjávarútvegsráðherra og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Eðlilegra verður að telja að byggðasjónarmið komi til skoðunar framar í ferlinu heldur en þetta, eigi úthlutun byggðakvóta að byggjast á þeim yfirleitt, enda má reikna með því að hlutverk nefndarinnar verði fyrst og fremst að aðgæta hvort gætt hefur verið réttra stórnsýslureglna, fremur heldur en eftirlit með því hvar kvótinn kemur niður. Í umsögn Fjármálaráðuneytis kemur fram að áætlað sé að störf úrskurðarnefndarinar geti kostað um 2 mkr. á ári. Í ljósi þeirra upplýsinga sem undirritaður hefur getað aflað sér um laun fyrir setu í opinberum úrskurðarnefndum sýnist það fjarri lagi.

Ekki hefur verið fjallað um umsögn þessa í stjórn Byggðastofnunar.

Sauðárkróki 12. febrúar 2007

Aðalsteinn Þorsteinsson, forstjóri.

Alþingi
Erindi nr. Þ 133/943
komudagur 13.2.2007

EYÞING – *Samband sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum* –
Strandgötu 29; 600 Akureyri; Sími 464-9933; kt. 561192-2199; Netfang eything@eything.is

Akureyri 13. febrúar 2007

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Stjórn Eyþings hefur fengið til umsagnar frá sjávarútvegsnefnd Alþingis frumvarp til laga um stjórn fiskveiða, 459. mál, **úthlutun byggðakvóta**. Stjórnin samþykkti eftirfarandi:

Stjórnin gerir ekki athugasemdir við frumvarpið.

f.h. stjórnar Eyþings

Pétur Þór Jónasson
framkv.stjóri

Alþingi
Erindi nr. Þ 133/1102
komudagur 20.2.2007

FISKISTOFA

Alþingi
Sjávarútvegsnefnd
Kirkjustræti
150 Reykjavík

Hafnarfjörður, 16.02.2007

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða, 459. mál, úthlutun byggðakvóta.

Vísað er til bréfs sjávarútvegsnefndar, dags. 6. febrúar 2007, þar sem Fiskistofu er gefinn kostur á að veita umsögn um ofangreint lagafrumvarp. Fiskistofa gerir ekki athugasemdir við frumvarpið.

F. h. Fiskistofu

Gísli Rúnar Gíslason

Dalshrauni 1 • 220 Hafnarfirði • Sími: 569 7900 • Fax: 569 7991 • www.fiskistofa.is

Alþingi
Erindi nr. Þ 133/965
komudagur 14.2.2007

Bæjarstjórn Grundarfjarðar hefur fjallað um frumvarp til laga, þingskjal 624, um breytingu á lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða.

Í ljósi þess að byggðakvóta er ætlað að styðja byggðarlög sem lent hafa í vanda vegna samdráttar í sjávarútvegi, telur bæjarstjórn eðlilegt, að byggðakvóti taki breytingum í samræmi við úthlutaðar aflaheimildir en verði þó aldrei hærri en 12 þúsund tonn. Sjávarútvegur í Grundarfirði byggir að stærstum hluta á veiðum og vinnslu botnfisktegunda. Kæmi sú staða upp, að verulega yrði dregið úr veiði í botnfisktegundum, kæmi það því almennt illa við byggðarlagið. Ef byggðakvóti er fastákveðin stærð, yrði staðan enn verri við þær aðstæður, því þá myndi byggðarlagið, að öðru óbreyttu, verða fyrir hlutfallslega meiri samdrætti en breyting á heildarveiði gæfi tilefni til.

Framangreind umsögn samþykkt í bæjarstjórn Grundarfjarðar þ. 8. febrúar 2007.

HAFRANNSÓKNASTOFNUNIN

Alþingi
Erindi nr. Þ 133/854
komudagur 8.2.2007

Nefndasvið Alþingis
Sjávarútvegsnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 08.02.2007
Tilv. 90.13
JS/sv

Málefni: Umsögn um frumvarp til laga um stjórn fiskveiða, 459. mál, úthlutun byggðakvóta, 133. löggj. þing 2006-2007.

Vísað er í erindi sjávarútvegsnefndar Alþingis dags. 6. febrúar 2007 varðandi ofangreint frumvarp til laga.

Hafrannsóknastofnunin hefur engar athugasemdir fram að færa við þetta frumvarp til laga.

F. h. Hafrannsóknastofnunarinnar,

Jóhann Sigurjónsson

Heimilisfang:
Skúlagötu 4
Pósthólf 1390
121 Reykjavík

Sími:
575-2000
Póstfax:
575-2001

Heimasíða:
www.hafro.is

Tölvupóstfang:
hafro@hafro.is

HÚNAÞING VESTRA
KLAPPARSTÍG 4 - 530 HVAMMSTANGI
SÍMI: 455 2400 - FAX: 455 2409
KT. 540598-2829 - VSK. nr. 59022

Alþingi
Erindi nr. Þ 133/873
komudagur 9.2. 2007

Hvammstanga 6. febrúar 2007

Sjávarútvegsnefnd Alþingis
Alþingi
150 Reykjavík.

Varðar: **Umsögn um frumvörp.**

Byggðarráð Húnaþings vestra hefur farið yfir frumvörp um breytingar á lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða sem fjalla um skilgreiningu á veiðum í atvinnuskyni og um úthlutun byggðakvóta.

Byggðarráð Húnaþings vestra hefur ekki fram að færa sérstakar athugasemdir vegna frumvarpanna.

Ofangreint tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,

SVEITARSTJÓRI
HÚNAÞINGS VESTRA

Skúli Þórðarson, sveitarstjóri.

Alþingi
Erindi nr. Þ 133/941
komudagur 13.2.2007

ÍSAFJARÐARBÆR

Nefndasvið Alþingis,
sjávarútvegsnefnd,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.

Ísafirði, 13. febrúar 2007
2007020032
HH/þp

Efni: Umsögn um frumvarp til breytinga á lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða.

Á 514. fundi bæjarráðs Ísafjarðar þann 12. febrúar s.l., var lagt fram minnisblað bæjarritara dagsett 9. febrúar s.l., er varða frumvörp til breytinga á lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða. Frumvörpin voru lögð fram á 513. fundi bæjarráðs, þar sem bæjarstjóra var falið að vinna að umsögn Ísafjarðarbæjar.

Bæjarráð samþykkir framllagða umsögn bæjarstjóra, um ofangreint frumvarp og óskar eftir að umsögnin verði send sjávarútvegsnefnd Alþingis. Umsögnin er svohljóðandi.

Umsögn Ísafjarðarbæjar um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða 10. grein.

„Á fundi bæjarráðs Ísafjarðarbæjar þann 12. febrúar s.l., voru lögð fram tvö frumvörp til laga, um breytingar á lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, lögð fyrir Alþingi á 133. löggjafarþingi 2006-2007. Megin breytingar eru við 10. gr. laganna og varða ákvörðun og úthlutun byggðakvóta.

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar hefur lagt áherslu á, að úthlutun byggðakvóta er ákvörðun Alþingis og ríkisstjórnar með setningu laga um stjórn fiskveiða.

Sjávarútvegsráðherra setur i reglugerð ákvæði um skilgreiningu á byggðalögum skv. 1. mgr. laganna og nánari reglur um úthlutun aflaheimilda til byggðalaga. Jafnframt setur sjávarútvegsráðherra með reglugerð almenn samræmd skilyrði fyrir allt landið um úthlutun aflaheimilda til fiskiskipa innan einstakra byggðarlaga með nánari skilgreiningum.

Sjávarútvegsráðherra skipar jafnfram sérstaka þriggja manna úrskurðarnefnd til fjögurra ára í senn. Nefnd sem hægt er að kæra til skiptingu sveitarstjórna á úthlutuðum byggðakvóta, sé sú úthlutun á vegum sveitarfélagsins. Einn aðili er skipaður án tilnefningar, einn tilnefndur af Sambandi islenskra sveitarfélaga og einn af Byggðastofnun.

Bæjarráð Ísafjarðarbæjar telur eðlilegast, að ráðherra úthluti sjálfur byggðakvótanum til einstakra skipa og báta og geri það með þeim hætti, sem hann telur nýtast viðkomandi úgerðum best. Ráðherra hefur áður úthlutað byggðakvóta, hann hefur sett fordæmið og setur reglugerðir og þess vegna eðlilegast að hann ljúki málinu sjálfur án íhlutunar sveitarstjórna þeirra byggðarlaga er hljóta úthlutun hverju sinni. Mikilvægast er að byggðakvótinn komi til viðkomandi sveitarfélags og nýtist atvinnulífinu þar til uppbyggingar og atvinnuauka.

STJÓRNSÝSLUHÚSIÐ
HAFNARSTRÆTI 1, PÓSTHÓLF 56, 400 ÍSAFJÖRÐUR
KENNITALA: 540596-2639
SÍMI: 450 8000, FAX: 450 8008
BANKI 156-26-60

Bæjarráð Ísafjarðarbæjar ítrekar, að það telur það vera hlutverk sjávarútvegsráðuneytis, að úthluta byggðakvóta og að ekki eigi að setja sveitarstjórnir í það hlutverk, að skipta slíkum verðmætum og gera þar með upp á milli byggðarlaga og íbúa. Því skorar bæjarráð Ísafjarðarbæjar á sjávarútvegsráðherra, að breyta núverandi fyrirkomulagi.,,

Virðingarfyllst

Halldór Halldórsson
- bæjarstjóri -

Alþingi
Erindi nr. Þ 133/1015
komudagur 16.2.2007

Nefndasvið Alþingis,
v/sjávarútvegsnefndar,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.

nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 14. febrúar 2007.

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða, mál 459.

Vísað er til bréfs sjávarútvegsnefndar þar sem okkur er sent til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða.

Neðangreind samtök eru andvíg úthlutun byggðakvóta enda felst í aðgerðinni mismunun milli sjávarútvegsfyrirtækja þar sem aflaheimildir eru teknar af einum og afhentar öðrum. Um það óréttlæti sem í úthlutun byggðakvóta felst mætti hafa mörg orð en hér verður látið nægja að vísa til dæma þar sem aflaheimildir í bolfiski hafa verið teknar af ákveðnum fyrirtækjum sem hafa átt í áralöngum vanda vegna slæmrar afkomu í rækjuveiðum og rækjuvinnslu og afhentar öðrum fyrirtækjum í sömu sveitarfélögum.

Í því frumvarpi sem hér liggur fyrir eru lagðar til grundvallarbreytingar á 10. grein laga nr. 116/2006 þar sem m.a. er lagt til að ákvæði 1. tl. 1. mgr. um úthlutun til þeirra fyrirtækja sem verða fyrir áföllum vegna verulegra breytinga á aflamarki einstakra tegunda verði fellt út gildi. Við erum þessu alfarið andvíg og leggjum þegar af þeirri ástæðu eindregið til að frumvarpið nái ekki fram að ganga.

Við teljum jafnframt að aðrar breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu og varða aðferðir við úthlutun byggðakvóta séu til hins verra og leggjum til að þær verði ekki leiddar í lög.

Virðingarfyllst,

f.h. Landssambands íslenskra útvegsmanna	f.h. Samtaka atvinnulífsins	f.h. Samtaka fiskvinnslustöðva
Friðrik J. Arngrímsson	Jón H. Magnússon	Guðbergur Rúnarsson

Alþingi
Erindi nr. Þ 133/1140
komudagur 21.2.2007

21. febrúar 2007
Sjávarútvegsnefnd Alþingis

Á fundi hreppsnefndar Langanesbyggðar, þriðjudaginn 20. febrúar 2007, var eftirfarandi bókun samþykkt samhljóða m.a.:

- Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða.
  Hreppsnefnd Langanesbyggðar telur eðlilegt að ábyrgð og ákvörðun varðandi úthlutun byggðakvóta verði áfram í höndum ríkisins en að sveitarfélögin annist nánari útfærslu reglna á einstökum svæðum með hliðsjón af aðstæðum hverju sinni líkt og gert hefur verið undanfarin ár.

  Hreppsnefnd felur byggðaráði og sveitarstjóra Langanesbyggðar að undirbúa úthlutunarreglur í samræmi við 10. gr. laga nr. 116/2006. Byggðaráð og sveitarstjóri skulu eiga samráðsfundi með útgerðaraðilum á svæðinu vegna málsins. Umræddar úthlutunarreglur þarfnast staðfestingar hreppsnefndar til að öðlast gildi.

Framangreindu er hér með komið á framfæri.

Með bestu kveðjum
Björn Ingimarsson
sveitarstjóri
Langanesbyggð
S: 468 1220, GSM: 895 1448

Alþingi
Erindi nr. Þ 133/1047
komudagur 19.2.2007

Norðurþing

Ketilsbraut 7-9 - 640 Húsavík

Alþingi
Kirkjustræti
101 Reykjavík

Húsavík, 15. febrúar 2007
Tilvísun: 2007010055 / 01-02-600

Efni: Frumvarp til laga um stjórn fiskveiða, úthlutun byggðakvóta

Á fundi byggðarráðs frá 8. febrúar sl. var erindi / umsögn um frumvarp til laga um stjórn fiskveiða, úthlutun byggðakvóta tekin fyrir. Eftirfarandi er afgreiðsla byggðarráðs.

Byggðarráð Norðurþings felur sveitarstjóra að svara erindinu. Byggðarráð Norðurþings gagnrýnir þann stutta tíma sem gefinn er til umfjöllunar um frumvörpin.

Virðingarfyllst
f.h. Norðurþings

Norðurþing
Guðbjartur E. Jónsson

Guðbjartur Ellert Jónsson
Framkvæmdastjóri fjármála- og stjórnsýslusvið

Alþingi
Erindi nr. Þ 133/914
komudagur 12.2.2007

Reiknistofa fiskmarkaða hf • Iðavöllum 7 • Pósthólf 45 • 232 Reykjanesbær • Sími 420 2000 • Fax 420 2001 • Netfang: rsf@rsf.is
www.rsf.is

Reykjanesbæ 8.febrúar 2007

Umsögn

Til: Sjávarútvegsnefndar Alþingis
Frá. Reiknistofu fiskmarkaða (áður Íslandsmarkaði)

Mál 459, úthlutun byggðarkvóta.

Okkar tillaga til breytinga á framkomnu frumvarpi er eftirfarandi.

Allur afli sem skráist á aflaheimildir sem ráðstafað er með sértækum aðgerðum þ.m.t. byggðarkvóti skal boðin upp á íslenskum fiskmarkaði.

Með því að bjóða aflan upp á opnu og frjálsu uppboði er tryggt að fiskvinnslur á viðkomandi svæði fá aðgang að aflanum. Forgangur þeirra til kaupa umfram aðra fellst í flutningskostnaði.

Með því að skylda báta til þess að landa í því byggðarlagi sem fær aflaheimildirnar ná þær fiskvinnslur sem þar eru 5-20 kr/kg forskoti umfram aðra.

F.h. Reiknistofu fiskmarkaða
Bjarni Áskelsson
8923454

Ps.
Má benda á að það ætti að skylda á uppboð, allan þann fisk, sem veiðist á aflaheimildir úthlutað með sértækum aðgerðum svo og allan afla sem veiðist út á aflaheimildir ríkisins. Er þá m.a. átt við þann afla sem veiðist af rannsóknarskipum og þann afla sem veiðist í tog og netaralli Hafrannsóknarstofnunar.

B.Á.

Alþingi
Erindi nr. Þ 133/1543
komudagur 9.3.2007

UST
Umhverfisstofnun
Environment and Food Agency of Iceland
Suðurlandsbraut 24
IS-108 Reykjavík, Iceland
(+354) 591 2000
Fax (+354) 591 2010
umhverfisstofnun@ust.is
www.umhverfisstofnun.is

Alþingi - Umhverfisnefnd
Selma Hafliðadóttir
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 7. mars 2007
Tilvísun: UST20070200201/tb

Efni: Tillaga til þingsályktunar um gerð rammaáætlunar um náttúruvernd

Vísað er í bréf frá umhverfisnefnd Alþingis, dags. 23. febrúar sl., þar sem óskað er eftir umsögn Umhverfisstofnunar um tillögu til þingsályktunar um rammaáætlun um náttúruvernd, þskj. 18 - 18. mál.

Umhverfisráðherra skal vinna að gerð náttúruverndaráætlunar samkvæmt 65. gr. laga um náttúruvernd og skal áætlunin ná til landsins alls. Umhverfisstofnun skal í samráði við Náttúrufræðistofnun Íslands, náttúrustofur o.fl. vinna að undirbúningi og öflun gagna fyrir áætlunina. Náttúruverndaráætlun 2004-2008 hefur þegar verið samþykkt. Eins og fram kemur í greinargerð með framangreindri þingsályktunartillögu er rammaáætlun um náttúruvernd einnig ætlað að ná til landsins alls og er gert ráð fyrir að náttúruverndaráætlun sé hluti af henni. Tillagan gerir ráð fyrir að nægjanlegt fjármagn fáist til að afla grunngagna svo hægt sé að meta verndargildi svæða á öllu landinu. Skipta skal verndarsvæðum í þrjá verndarflokka.

Grunnforsenda fyrir náttúruverndaráætlun eða rammaáætlun um náttúruvernd er að hægt sé meta náttúruverndargildi svæða eftir ákveðnum viðmiðum (innlendum sem alþjóðlegum) og jafnframt að meta mikilvægi svæða innbyrðis eða mikilvægi þeirra sem hluta af neti verndarsvæða t.d. til að vernda ákveðna tegund. Til þess að framangreint sé hægt þurfa náttúrufarsgögn og önnur gögn um m.a. lífríki, landslag, jarðmyndanir, víðerni, menningarsögu, nýtingu, ógnir o.s.frv. að vera af þeim gæðum að hægt sé að fá fram heildstætt mat. Á þetta skortir töluvert á Íslandi. Umhverfisstofnun telur afar brýnt að meira fjármagn fáist til að afla grunngagna eða til að taka saman gögn um náttúru Íslands. Gögnin þurfa að geta nýst bæði við mat á náttúruverndargildi en ekki síður þurfa þau að vera aðgengileg og sett fram á þann hátt að þau má nota við ýmsa ákvarðanatöku. Verði samþykkt þingsályktunartillögunnar til þess að þetta náist fram styður stofnunin tillöguna.

Virðingarfyllst

Trausti Baldursson

Árni Bragason

Alþingi
Erindi nr. Þ 133/1016
komudagur 16.2.2007

Sjávarútvegsnefnd Alþingis.

Með bréfi sjávarútvegsnefndar Alþingis, dags. 6. febrúar sl., fékk Samband íslenskra sveitarfélaga til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða, 459. mál.

Með frumvarpi þessu er ætlunin að færa endanlegt vald til úthlutunar byggðakvóta frá sjávarútvegsráðherra til sveitarfélaga. Megin ástæðan fyrir því að þetta er gert eru athugasemdir Umboðsmanns Alþingis vegna úthlutunar byggðakvóta en hann hefur gert verulegar athugasemdir við framkvæmd og stjórnsýslu þeirra mála.

Samkvæmt frumvarpinu á lausnin að felast í því að færa verkefnið til sveitarfélaga. Þá munu sveitarfélög alfarið sjá um úthlutun byggðakvótans og bera á því ábyrgð.

Við þetta hefur Samband íslenskra sveitarfélaga ýmislegt að athuga.

- Í fyrsta lagi hefur frumvarpið verið samið og lagt fram á Alþingi án nokkurs samráðs við sambandið. Hér er um mikilvægt og viðkvæmt mál að ræða sem oft hefur valdið miklum deilum, bæði í héraði og gagnvart sjávarútvegsráðuneytinu, sbr. fjölda kvartana til Umboðsmanns Alþingis. Það er því alls óvíst að hér sé um verkefni að ræða sem eftirsóknarvert er fyrir sveitarfélögin að taka yfir. Þá liggur það fyrir að sveitarfélögin hafa ekki óskað eftir því að taka verkefnið yfir og alls ekki án þess að um það fari fram viðræður milli ríkis og sveitarfélaga en engar slíkar viðræður hafa átt sér stað.
- Þá má einnig velta því fyrir sér hvort það sé eðlilegt verkefni sveitarfélaga að sjá um úthlutun á takmörkuðum gæðum sem tilheyra öðrum aðilum eða þeir hafa ráðstöfunarrétt yfir og setja um það reglur sem geta verið svo nákvæmar að ekkert svigrúm sé til mats sveitarfélaganna. Slíkt verkefni er þá í raun gert í eins konar verktöku fyrir sjávarútvegsráðuneytið en þó án þess að um það sé samið eða því fylgi fjármunir til framkvæmdarinnar.
- Þar sem frumvarpið felur í sér að sveitarstjórnir taki hina endanlegu ákvörðun um úthlutun byggðakvóta felur það jafnframt í sér að sveitarfélögin bera ábyrgð á ákvörðuninni og stjórnsýslunni þar að lútandi. Hér er um nýtt verkefni sveitarfélaga að ræða sem mun óhjákvæmilega hafa í för með sér ný útgjöld fyrir sveitarfélögin, bæði vegna vinnu við töku ákvörðunar auk kostnaðar vegna hugsanlegra kæra og jafnvel skaðabóta. Þrátt fyrir þennan augljósa kostnaðarauka fylgdi frumvarpinu ekkert kostnaðarmat en samkvæmt sérstöku samkomulagi ríkis og sveitarfélaga skal kostnaðarmeta stjórnarfrumvörp sem einvörðungu eða að verulegu leyti hafa bein

áhrif á sveitarfélögin. Frumvarp þetta snýr nær einvörðungu að sveitarfélögunum og því ljóst að því á að fylgja kostnaðarmat.

- Markmiðið með tilvist sveitarfélaga er að þau hafi sjálfstjórn við framkvæmd verkefna sinna. Hvort og hversu mikil sjálfstjórn felst í þessu verkefni er afar óljóst. Frumvarpið gerir ráð fyrir því að ráðherra verði veitt heimild til að setja reglugerð um almenn samræmd skilyrði fyrir allt landið um úthlutun byggðakvótans. Reglugerðin á m.a. að innihalda ákvæði um stærð, gerð, skráningarstað, skráningartíma og eignarhald skipa, heimilisfesti útgerðaraðila, löndun og vinnslu afla á grundvelli úthlutaðra aflaheimilda, framkvæmd úthlutunar, brottfall aflaheimilda, framsal og skipti á aflaheimildum o.fl. Sambandið telur að ekki sé hægt að átta sig á málinu í heild fyrr en drög að slíkri reglugerð liggja fyrir. Það er ekki eftirsóknarvert fyrir sveitarfélögin að taka að sér verkefni fyrir önnur stjórnvöld ef lítið eða ekkert sjálfstjórnarvald fylgir því. Segja má að verkefni sem á að afgreiða með samræmdum hætti út um allt land henti ekki sem verkefni sveitarfélaga.
- Fram kemur í frumvarpinu að ákvarðanir sveitarstjórna um úthlutun aflaheimilda séu kæranlegar til sérstakrar úrskurðarnefndar. Þegar athugasemdir með frumvarpinu eru lesnar virðist gæta nokkurs misskilnings um eftirlitsheimildir ríkisins með verkefnum sveitarfélaga. Í athugasemdum við 1. grein segir í 8. tl. að almenna reglan sé sú að ákvarðanir stjórnvalda séu kæranlegar til æðri stjórnvalda og ef ekki væri þetta sérákvæði væru ákvarðanir um úthlutanir til fiskiskipa væntanlega kæranlegar til sjávarútvegsráðuneytisins. Þessi skilningur er rangur því ríkisvaldið getur ekki haft neitt eftirlit með starfsemi sveitarfélaga nema fyrir því sé sérstök lagaheimild. Því væri sjávarútvegsráðuneytið ekki bært til að úrskurða um ákvarðanir sveitarstjórna ef ekkert lagaákvæði kvæði á um það. Vegna þessa misskilnings má óttast að hugmyndir frumvarpshöfunda um valdheimildir úrskurðarnefndarinnar gagnvart sveitarfélögum séu þær að úrskurðarnefndin sé æðra stjórnvald með sömu valdheimildir og æðra stjórnvald hefur almennt gagnvart lægra settu stjórnvaldi í stjórnsýslu ríkisins. Í því felst að hið æðra stjórnvald hefur allar sömu valdheimildir og hið lægra og getur því tekið nýjar ákvarðanir sem eru andstæðar ákvörðunum hins lægra setta stjórnvalds.
- Meginreglan um eftirlitsheimildir ríkisins gagnvart ákvörðunum sveitarfélaga er hins vegar sú að eftirlitsaðilar hafa eingöngu heimild til að framkvæma lögmætiseftirlit, þ.e. eingöngu er kannað hvort farið hafi verið að lögum, þ.m.t. stjórnsýslulögum þar sem þau gilda, við töku ákvörðunarinnar en ekki er hróflað við svigrúmi sveitarfélaga til að beita frjálsu mati sínu. Niðurstaða eftirlitsaðila getur eingöngu orðið sú að ákvörðun sé gild eða ógild ef annmarkar eru slíkir að valdi ógildingu. Eftirlitsaðili getur almennt ekki tekið nýja ákvörðun fyrir sveitarfélagið. Mikilvægt er að þessi skilningur liggi alveg ljós fyrir og tryggt verði að úrskurðarnefndin hafi eingöng slíkar heimildir. Ekki verður þó séð að nauðsynlegt verði að breyta lagaákvæðinu til að tryggja þetta enda er það aðallega texti í athugasemdum með

ákvæðinu sem gefur tilefni til að ætla að valdheimildir úrskurðarnefndarinnar geti verið aðrar.

- Þá liggur það ljóst fyrir að afar skiptar skoðanir eru um þetta frumvarp meðal sveitarstjórnarmanna. Þó virðist það vera algengari afstaða að vilja ekki verkefnið og að aðkoma sveitarfélaga samkvæmt núgildandi lögum sé nægileg til að ná fram því markmiði að úthlutun byggðakvóta sé í samræmi við aðstæður á hverjum stað fyrir sig.

Sambandið er almennt hlynnt verkefnatilflutningi frá ríki til sveitarfélaga. Sambandið telur þó að allir slíkir verkefnaflutningar verði að gerast með viðræðum milli ríkis og sveitarfélaga þannig að full sátt náist um verkefnið og fjármögnun þess.

Mál þetta varðar mikilvæga hagsmuni en hefur ekki verið undirbúið með fullnægjandi hætti gagnvart sveitarfélögunum auk þess sem ekkert kostnaðarmat fylgir frumvarpinu. Það er því afstaða sambandsins að fresta beri afgreiðslu frumvarpsins þar til fullnægjandi samráð hefur verið haft við sveitarfélögin og kostnaðarmat liggur fyrir. Fram að þeim tíma verði úthlutunaraðferðir óbreyttar að öðru leyti en því að lagfærðir verði þeir vankantar sem Umboðsmaður Alþingis hefur talið vera á málinu.

Virðingarfyllst
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

SIGLINGASTOFNUN

komudagur 13.2.2007

Alþingi
Sjávarútvegsnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Kópavogi, 12.02.2007
Tilv. 023
SP

Efni: Frv. til laga um breytingu á lögum nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða, 459. mál, úthlutun byggðakvóta.

Siglingastofnun vísar til bréfs sjávarútvegsnefndar dags. 6. febrúar 2007, þar sem ofannefnt frumvarp er sent til umsagnar Siglingastofnunar.

Siglingastofnun Íslands gerir ekki athugasemdir við efni frumvarpsins.

Virðingarfyllst,
F. h. Siglingastofnunar Íslands,

Hermann Guðjónsson

SJÓMANNASAMBAND ÍSLANDS

Sætúni 1 · 105 Reykjavík · Sími 561 0769 · Símbréf 561 0774

Alþingi
Erindi nr. Þ 133/944
komudagur 13.2.2007

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 13. febrúar 2007.

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, 459. mál.

Sjómannasamband Íslands ítrekar fyrri skoðanir innan samtakanna um að afnema eigi þennan svokallaða byggðakvóta með öllu. Gert er ráð fyrir því í frumvarpinu að 1. töluliður 10. greinar verði felldur út úr lögunum. Helst hefur verið sátt um að nota þessar veiðiheimildir til að mæta áföllum sem fyrirsjáanlegar eru vegna breytinga á aflamarki einstakra tegunda og stendur þá eftir þessi svokallaði byggðakvóti sem engin sátt er um. Sjómannasamband Íslands getur því ekki stutt þær breytingar á lögunum um stjórn fiskveiða sem frumvarpið gerir ráð fyrir.

f.h. Sjómannasambands Íslands,

Hólmgeir Jónsson

Alþingi
Erindi nr. Þ 133/964
komudagur 9.2.2007

Skagafjörður
Ráðhúsinu, Skagfirðingabraut 21 • 550 Sauðárkróki • S: 455 6000 • F: 455 6001 • Netf.: skagafjordur@skagafjordur.is • Kt.: 550698-2349 • Vsknr. 60077

Sauðárkróki, 08.02.2007

Nefndasvið Alþingis
- **Sjávarútvegsnefnd** -
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

MÁLEFNI: ***Stjórn fiskveiða - frumvarp til breytinga á lögum***

Á fundi Byggðarráðs Skagafjarðar þann 6. febrúar. 2007 var lagt fram erindi frá Sjávarútvegsnefnd Alþingis þar sem óskað er eftir umsögn um frumvarp til breytinga á lögum nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða.
Um er að ræða frumvarp sjávarútvegsráðuneytis sem er ætlað að skýra reglur og framkvæmd við úthlutun byggðakvóta. Miða breytingar m.a að því að færa úthlutunarvald frá ráðuneytinu til sveitarfélaga og úrskurðarvald á kærustigi til sérstakrar úrskurðarnefndar.

Byggðarráð gerir ekki athugasemdir við frumvarpið að öðru leyti en því að óskað er eftir að reglur sem ráðuneytið gefur út verði gerðar það skýrar að sveitarfélög verði ekki í vandræðum með að úthluta eftir þeim.

Afgreiðsla þessi var síðan staðfest af Sveitarstjórn Skagafjarðar á fundi þann 8. febrúar 2007.

Þessu er hér með komið á framfæri.

Virðingarfyllst,
f.h. sveitarstjóra:

Skagafjörður
Engilráð M. Sigurðardóttir

Engilráð M. Sigurðardóttir
fulltrúi
- *Markaðs- og þróunarsvið*
Sveitarfélagið Skagafjörður
ems@skagafjordur.is;
www.skagafjordur.is

Samband sveitarfélaga á Austurlandi
argötu 28 eh. * 710 Seyðisfirði * Sími 472 1690 * Fax 472 1691 * Netfang ssa@ssa.is * www.ssa.is

Nefndasvið Alþingis Umhverfisnefnd **Seyðisfirði 8. febrúar 2007**

Austurstræti 8-10

150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. Þ 133/814
komudagur 7. 2. 2007

Umbeðin umsögn SSA

Þskj. 439-395. mál Frumvarp til laga um Vatnajökulsþjóðgarð.

Stjórn Sambands sveitarfélaga á Austurlandi og aðalfundir SSA hafa fjallað um og samþykkt ályktanir um Vatnajökulsþjóðgarð í nokkur ár.

Eftirfarandi eru samþykktir aðalfunda 2003-2004-2005-2006

Vatnajökulsþjóðgarður. 2003
Aðalfundur Sambands sveitarfélaga á Austurlandi haldinn á Breiðdalsvík 21.-22. ágúst 2003 ítrekar enn stuðning sinn við stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs og hvetur til þess að hann verði að veruleika sem fyrst. Mikilvægt er að samráð sé haft við heimamenn og að nægjanlegt fjármagn sé tryggt til uppbyggingar og reksturs. Bæta þarf aðgengi ferðamanna, auka upplýsingagjöf og efla rannsóknar- og vísindastarf. Fundurinn leggur áherslu á að stjórnun þjóðgarðsins sé í höndum heimamanna og að höfuðstöðvar hans verði í sveitarfélaginu Hornafirði en jafnframt er nauðsynlegt að koma upp svæðamiðstöðvum á nokkrum stöðum umhverfis jökulinn.

Verndarsvæði norðan Vatnajökuls.
Aðalfundur Sambands sveitarfélaga á Austurlandi haldinn á Breiðdalsvík 21.-22. ágúst 2003 beinir því til stjórnar SSA að hún beiti sér fyrir því að áfram verði markvisst unnið að verndun samfellds svæðis norðan Vatnajökuls og unnið út frá hugmyndum um þjóðgarð sem kjarna og samspil friðaðra svæða með mismunandi friðlýsingarflokkum.
Áhersla verði lögð á samráð við heimamenn og að tillit verði tekið til hefðbundinna nytja s.s. landbúnaðar og skotveiða.

Vatnajökulsþjóðgarður 2004
Aðalfundur Sambands sveitarfélaga á Austurlandi haldinn á Egilsstöðum 16-17 september 2004 fagnar stækkun þjóðgarðsins i Skaftafelli sem fyrsta áfanga að stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs og hvetur til þess að hann verði að veruleika sem fyrst. Mikilvægt er að náið samráð sé haft við heimamenn og að nægjanlegt fjármagn sé tryggt til uppbyggingar og reksturs. Bæta þarf aðgengi ferðamanna, auka upplýsingagjöf og efla rannsóknar- og vísindastarf. Fundurinn leggur áherslu á að stjórnun þjóðgarðsins sé í höndum heimamanna en jafnframt er nauðsynlegt að koma upp svæðamiðstöðvum á nokkrum stöðum umhverfis jökulinn.

Verndarsvæði norðan Vatnajökuls
Aðalfundur Sambands sveitarfélaga á Austurlandi haldinn á Egilsstöðum 16.-17. september 2004 tekur undir margar af tillögum nefndar umhverfisráðherra frá í maí mánuði sl. um stofnun þjóðgarðs eða verndarsvæða norðan Vatnajökuls.
Aðalfundurinn telur hinsvegar nauðsynlegt að vinnu við frekari útfærslu á tillögum nefndarinnar verði framhaldið og leggur áherslu á að fullt samráð verði áfram haft við heimamenn og aðra hagsmunaaðila.

Vatnajökulsþjóðgarður 2005
39. Aðalfundur Sambands sveitarfélaga á Austurlandi haldinn á Reyðarfirði 15.-16. september 2005 styður stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs og ítrekar að þegar verði hafist handa við frekari útfærslu á tillögum ráðherraskipaðrar nefndar um stofnun þjóðgarðs eða verndarsvæða norðan Vatnajökuls. Litið er á stækkun þjóðgarðsins í Skaftafelli sem fyrsta skrefið í átt að einum stórum þjóðgarði. Því er mikilvægt að lögum verði breytt sem fyrst þannig að sér stjórn verði sett yfir þjóðgarðinn og að nægjanlegt fjármagn til hans verði tryggt á fjárlögum, sem er forsenda þess að þjóðgarður geti staðið undir væntingum.
Aðalfundurinn telur afar mikilvægt að við allan undirbúning að stofnun þjóðgarðsins verði heimamenn og hagsmunaaðilar hafðir með í ráðum og ítrekað er að stjórn hans verði í höndum heimamanna.

Vatnajökulsþjóðgarður 2006
40. aðalfundur SSA haldinn á Hornafirði 6. – 7. október 2006 styður stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs og ítrekar fyrri ályktanir um mikilvægi þess að tryggðir verði nægir fjármunir til uppbyggingar og reksturs stærsta þjóðgarðs Evrópu. Áhersla er lögð á að völd og áhrif heimamanna verði tryggð t.d. með þjónustusamningi yfirstjórnar um rekstur og uppbyggingu á einstökum rekstrarsvæðum.Fundurinn leggur áherslu á að við gerð framkvæmdaáætlunar verði þegar hugað að brýnustu úrbótum í Skaftafelli, einum fjölsóttasta ferðamannastað landsins.

(snú)---

Með vísan til samþykkta aðalfunda SSA 2003-2004-2005 og 2006 liggur fyrir að SSA er fylgjandi stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs. Skilyrði er að við allan undirbúning að stofnun hans verði heimamenn og hagsmunaaðilar hafðir með í ráðum .

Tryggja verður fjármagn til uppbyggingar og reksturs hvers áfanga fyrir sig áður en lagt er af stað í verkefnið.

Lögð er rík áhersla á að stjórnunarleg ábyrgð og völd heimamanna verði tryggð.

Einnig að samkomulag náist við eigendur lands í einkeign,sveitarfélög og handhafa nytjaréttar sem gert er ráð fyrir að lendi innan þjóðgarðsins .

Verndarstig einstakra svæða þjóðgarðsins miðist m.a við að hefðbundnar nytjar, geti farið fram með viðlýka hætti innan þjóðgarðsins og verið hefur.

Bættar verði vegsamgöngur í og við næsta nágrenni þjóðgarðsins til að auka tækifæri til atvinnusköpunar og styrkja byggð.

Fh.stjórnar SSA

Þorvaldur Jóhannsson
framkvæmdastjóri SSA